Byggðastofnun
Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/378
komudagur 9.12.2008

Dagsetning 9. *desember 2008*

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um kolvetnisstarfsemi (breyting ýmissa laga). 152. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Lagasetning þessi er annars vegar á sviði iðnaðarráðuneytis og eru þær lagabreytingar einkum um leyfisgjöld og ýmis framkvæmdaratriði vegna olíuleitar. Hins vegar er um að ræða breytingar á ýmsum lögum á sviði umhverfisráðuneytisins, sem eru varðandi skipulagsmál og fleira. Stofnunin telur að þær lagabreytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafi ekki áhrif á byggð og atvinnulíf nema með óbeinum hætti og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar.*

Heimilisfang Ártorg 1 Sími 455 5400 Bréfsími 455 5499 Netfang bygg@bygg.is Heimasíða http://www.bygg.is
550 Sauðárkrókur